

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands

Ársreikningur 2019

| | |
|---------------------------------------|-------------|
| Efnisyfirlit | bls. |
| Skýrsla og staðfesting stjórnar | 2 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 3-4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-10 |

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands
Kennitala 620316-1800
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík

Skýrsla og staðfesting stjórnar

Meginstarfsemi sjóðsins

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Starfsemin á árinu

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var afkoma ársins 2019 neikvæð um kr. 30 milljónir samanborið við jákvæða afkomu ársins 2018 kr. 3 milljónir. Eigið fé sjóðsins í árslok 2019 var kr. 245 milljónir. Ráðstöfun afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringum.

Það er álit stjórnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sjóðsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun sjóðsins, komi fram í ársreikningnum.

Ráðstöfun afkomu

Stjórnin vísar til skýringa varðandi ráðstöfun á afkomu sjóðsins.

Atburðir eftir lok reikningskiladags

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar sem braust út í byrjun árs 2020 kann að hafa áhrif á starfsemi sjóðsins. Stjórnendur eru að vinna að lágmörkun áhrifanna, en óvíst er hve áhrifin verða langvinn eða alvarleg. Vísað er til nánari umfjöllunar um áhrif á rekstur og efnahag sjóðsins í skýringu nr. 9.

Stofnendur

Sjóðurinn var stofnaður 16. desember 2015. Stofnendur sjóðsins voru 25 en 10 stærstu stofnframlög til sjóðsins komu frá eftirfarandi aðilum:

Krabbameinsfélag Íslands
Sjóður Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna
Minningarsjóður Ingibjargar Guðjónsdóttur Johnson
Krabbameinsfélag Reykjavíkur
Krabbameinsfélag Snæfellsness
Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis
Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga
Krabbameinsfélag Suðurlands
Krabbameinsfélag Suðurnesja
Stómasamtök Íslands

Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Reykjavík 5. maí 2020

Stjórn:

| | |
|--|--|
|  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Sigríður Gunnarsdóttir | |
|  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Asgerður Sverrisdóttir |  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Guðbjörg Edda Eggersdóttir |
|  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Guðrún Sigurjónsdóttir |  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Magnús Karl Magnússon |
|  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Sigurður B. Stefánsson |  <hr style="width: 80%; margin: auto;"/> Tinna Laufey Ásgeirsdóttir |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og staðfestingu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar og sundurliðanir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2019, efnahag 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur og að skýrsla og staðfesting stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda. Við erum óháð sjóðnum samkvæmt ákvæðum siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi sjóðsins. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sjóðsins að meta hæfi hans til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sjóðsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa sjóðinn upp eða hætta rekstri hans, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi sjóðsins. Stjórnendum sjóðsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hans til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.

Metum hvort val stjórnar á reikningskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sjóðurinn verði ekki lengur rekstrarhæfur.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík 14/5 2020

PricewaterhouseCoopers ehf.



Ómar H. Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2019

| | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|-----------|----------------------------|-------------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Framlög og styrkir | 4,10 | <u>22.070.000</u> | <u>50.024.900</u> |
| | | 22.070.000 | 50.024.900 |
| Rekstrargjöld | | | |
| Styrkveitingar úr Vísindasjóði | 11 | 60.293.889 | 55.559.510 |
| Annar rekstrarkostnaður | 12 | <u>1.332.778</u> | <u>442.774</u> |
| | | 61.626.667 | 56.002.284 |
| Rekstrartap | | (39.556.667) | (5.977.384) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 12.293.421 | 11.507.470 |
| Greiddur og reiknaður fjármagnstekjuskattur | | <u>(2.704.552)</u> | <u>(2.531.642)</u> |
| | 5 | 9.588.869 | 8.975.828 |
| Afkoma ársins | | <u><u>(29.967.798)</u></u> | <u><u>2.998.444</u></u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| Eignir | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|-----------|---------------------------|---------------------------|
| Fjárfestingar | | | |
| Íbúðarbréf, 1. fl.2004 | | 3.514.113 | 4.166.603 |
| Fjárfestingarsjóðir | 13 | <u>218.081.357</u> | <u>222.043.658</u> |
| | | 221.595.470 | 226.210.261 |
| Veltufjármunir | | | |
| Kröfur á Krabbameinsfélag Íslands | | 34.073.137 | 61.267.636 |
| Handbært fé | 6 | <u>5.922.650</u> | <u>1.413.948</u> |
| | | 39.995.787 | 62.681.584 |
| Eignir samtals | | <u><u>261.591.257</u></u> | <u><u>288.891.845</u></u> |

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 2019 | 2018 |
|---|-----------|---------------------------|---------------------------|
| Eigið fé | | | |
| Bundið eigið fé: | | | |
| Höfuðstóll óskerðanlegur | | 20.000.000 | 20.000.000 |
| Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar | | <u>107.306.024</u> | <u>132.767.228</u> |
| | | 127.306.024 | 152.767.228 |
| Óbundið eigið fé: | | | |
| Höfuðstóll laus til styrkveitinga | | 118.112.942 | 122.619.536 |
| Eigið fé samtals | 7 | 245.418.966 | 275.386.764 |
| Skuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 5.382.051 | 3.327.230 |
| Ógreiddir styrkir | 8 | <u>10.790.240</u> | <u>10.177.851</u> |
| | | 16.172.291 | 13.505.081 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u><u>261.591.257</u></u> | <u><u>288.891.845</u></u> |

Sjóðstreymi ársins 2019

| | Skýringar | 2019 | 2018 |
|--|-----------|--------------|--------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (29.967.798) | 2.998.444 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur, verðbréfa | 5 | (12.162.014) | (11.391.245) |
| Hreint veltufé til rekstrar | | (42.129.812) | (8.392.801) |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 27.194.499 | (10.751.512) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 2.667.210 | 7.208.155 |
| | | 29.861.709 | (3.543.357) |
| Handbært (til rekstrar) | | (12.268.103) | (11.936.158) |
| Fjárfestingahreyfingar | | | |
| Verðbréf | | 791.635 | 765.590 |
| Eignir í fjárvörslu | | 15.985.170 | 11.100.996 |
| | | 16.776.805 | 11.866.586 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | 4.508.702 | (69.572) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 1.413.948 | 1.483.520 |
| Handbært fé í árslok | | 5.922.650 | 1.413.948 |

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er sjálfseignarstofnun og er tilgangur sjóðsins að efla íslenskar vísindarannsóknir á krabbameinum.

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur sjóðsins er að Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík.

2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

3. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

4. Tekjur

Framlög og styrkir til sjóðsins eru færð til tekna þegar fjárhagslegur ávinningur vegna þeirra hefur skilað sér til sjóðsins, eða þegar unnt er að meta fjárhagslegan ávinning þeirra með ábyggilegum hætti.

5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | Banka- reikningar | Aðrir liðir | Samtals 2019 | Samtals 2018 |
|--|----------------------|------------------|------------------|------------------|
| Vaxtatekjur og verðbætur | 131.407 | 12.162.014 | 12.293.421 | 11.507.470 |
| Afdreginn og reiknaður fjármagnstekjuskattur | (28.909) | (2.675.643) | (2.704.552) | (2.531.642) |
| | <u>102.498</u> | <u>9.486.371</u> | <u>9.588.869</u> | <u>8.975.828</u> |

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfæignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

6. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

Skýringar

7. Eigið fé

Samkvæmt stofnskrá sjóðsins er óskerðanlegur hluti stofnframlags kr. 20.000.000.

Sjóðstjórn hefur árlega til ráðstöfunar 10% af upphaflegu stofnframlagi eða kr. 25.461.204, án þess þó að gengið sé á óskerðanlegan hluta þess auk rekstrarafkomu ársins.

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| | Höfuðstóll óskerðanlegur | Höfuðstóll til ráðstöfunar síðar | Höfuðstóll laus til styrkveitinga | Eigið fé samtals |
|--------------------------------------|-----------------------------|--|--------------------------------------|---------------------|
| Hreyfingar 2018: | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 20.000.000 | 158.228.432 | 94.159.888 | 272.388.320 |
| Af höfuðstól til styrkveitinga | 0 | (25.461.204) | 25.461.204 | 0 |
| Afkoma ársins | 0 | 0 | 2.998.444 | 2.998.444 |
| Staða í árslok | 20.000.000 | 132.767.228 | 122.619.536 | 275.386.764 |
| Hreyfingar 2019: | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 20.000.000 | 132.767.228 | 122.619.536 | 275.386.764 |
| Af höfuðstól til styrkveitinga | 0 | (25.461.204) | 25.461.204 | 0 |
| Afkoma ársins | 0 | 0 | (29.967.798) | (29.967.798) |
| Staða í árslok | 20.000.000 | 107.306.024 | 118.112.942 | 245.418.966 |

8. Ógreiddir styrkir

Samkvæmt úthlutunarreglum Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands heldur sjóðurinn eftir 10% af úthlutuðum styrkjum sem koma til greiðslu þegar vísindarannsóknur lýkur og lokaskýrslum hefur verið skilað til sjóðsins.

9. Atburðir eftir lok reikningsskiladags - COVID 19

Frá lokum reikningsárs fram að áritunardegi hefur útbreiðsla COVID-19 veirunnar haft víðtæk áhrif á Íslandi og heimsvísu. Ekki er ljóst á þessari stundu hvort áhrifa muni gæta til lengri eða skemmri tíma en við teljum að áhrifa muni helst gæta varðandi fjáröflun sjóðsins. Reiknað er með að möguleikar til fjáröflunar verði nokkuð erfiðari vegna óvissu og fjárhagslegra erfiðleika fyrirtækja og í minna mæli einstaklinga. Í heild metum við að áhrif verði væg á rekstur sjóðsins og hann sé með fjárhagslegan styrk til að mæta áhrifum COVID-19 án neikvæðra áhrifa á starfsemi sjóðsins.

Skýringar

| | 2019 | 2018 |
|--|--------------------|--------------------|
| 10. Framlög og styrkir | | |
| Krabbameinsfélag Íslands | 22.000.000 | 50.000.000 |
| Ingibjörg Jóna Garðarsdóttir | 70.000 | 0 |
| Alma Eydís Rangarsdóttir | 0 | 10.000 |
| Árni Þór Árnason | 0 | 8.000 |
| Minningarkort | 0 | 6.900 |
| | <u>22.070.000</u> | <u>50.024.900</u> |
| 11. Styrkveitingar úr Vísindasjóði | | |
| Erna Magnúsdóttir | 10.000.000 | 6.000.000 |
| Andri Steinþór Björnsson | 7.442.000 | 5.220.000 |
| Stefán Sigurðsson | 6.800.000 | 0 |
| Guðrún Valdimarsdóttir | 6.450.000 | 6.500.000 |
| Margrét Helga Ögmundsdóttir | 5.000.000 | 7.500.000 |
| Inga Reynisdóttir | 5.000.000 | 0 |
| Helga Margrét Ögmundsdóttir | 4.745.000 | 3.790.000 |
| Birna Baldursdóttir | 4.360.000 | 0 |
| Rósa Björk Barkardóttir | 4.334.000 | 0 |
| Gunnhildur Ásta Traustadóttir | 2.500.000 | 0 |
| Suzannah A. Williams | 2.492.889 | 0 |
| Ágúst Ingi Ágústsson | 1.170.000 | 0 |
| Berglind Eva Benediktsd. | 0 | 5.569.510 |
| Þórarinn Guðjónsson | 0 | 5.560.000 |
| Þorkell Guðjónsson | 0 | 5.000.000 |
| Sævar Ingþórsson | 0 | 4.000.000 |
| Valtýr Stefánsson Thors | 0 | 2.520.000 |
| Erla Kolbrún Svavarsdóttir | 0 | 2.000.000 |
| Ásgeir Thoroddsen | 0 | 1.500.000 |
| Ragnar Grímur Bjarnason | 0 | 400.000 |
| | <u>60.293.889</u> | <u>55.559.510</u> |
| 12. Annar rekstrarkostnaður | | |
| Auglýsingakostnaður | 874.131 | 0 |
| Þóknun vegna fjárvörslu og bankakostnaður | 451.910 | 0 |
| Risna | 6.737 | 85.500 |
| Endurskoðun og reikningsskil | 0 | 346.800 |
| Annar kostnaður | 0 | 10.474 |
| | <u>1.332.778</u> | <u>442.774</u> |
| 13. Fjárfestingarsjóðir | | |
| Arion banki, Eignaval A, nokkrir sjóðir | 177.840.169 | 167.735.904 |
| Arion banki, Stefnir - Lausafjár sjóður | 20.281.397 | 34.305.320 |
| Arion banki, Skuldabréf og aðrar skammtímaeignir | 19.959.791 | 20.002.434 |
| | <u>218.081.357</u> | <u>222.043.658</u> |